



Áfallaáætlun Mýrarhúsaskóla

Við Mýrarhúsaskóla er starfandi áfallaráð. Þar sitja eftirtaldir aðilar: Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri, námsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur og ritari. Sóknarprestur Seltjarnarness og sálfræðingur koma að málum þegar þess er óskað. Skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri kallar áfallaráð saman og því skal óskum um afskipti áfallaráðs beint til stjórnenda. Áfallaráð er bundið trúnaði.

Hlutverkverk áfallaráðs felst m.a. í forvörnum og forvinnu. Áfallaráð sér um að móta vinnureglur um hvernig bregðast eigi við áföllum sem skólasamfélagið ræður ekki við að leysa með hefðbundnum hætti. Vinnureglurnar eru endurskoðaðar á fyrsta vinnufundi ráðsins ár hvert. Áfallaráð kynnir áfallaáætlunina árlega fyrir starfsmönnum skólans. Áfallaráð safnar bókum, greinum og öðrum gögnum um áföll og sorgarvinnu barna og er starfsmönnum skólans til leiðbeiningar um notkun þeirra.

Ef áföll verða kemur áfallaráð saman og vinnur með skólastjóra að því að skipuleggja viðbrögð skólans. Áfallaráð er kennurum og öðrum starfsmönnum skólans til ráðgjafar um viðbrögð við áföllum og kemur beint að málum þegar þess er óskað.

Viðbrögð við áföllum

Þau atriði sem hér eru skráð eru hugsuð sem gátlisti fyrir starfsfólk skólans um hugsanleg viðbrögð við áföllum. Taka þarf tillit til aðstæðna hverju sinni þegar viðbrögð eru ákveðin. Skólastjóri kallar áfallaráð saman að ósk starfsmanna eða þegar þurfa þykir.

1. Upplýsingar

- a. Sá sem fyrstur fær upplýsingar um dauðsfall eða alvarlegt slys kemur þeim til skólastjóra.
- b. Skólastjóri aflar staðfesta upplýsinga.
- c. Áfallaráð kallað saman.
- d. Ritari sér um að áfallaráðsmeðlimir fái upplýsingar svo og:
 - Allir kennarar – bæði bekkjarkennarar og sérgreinakennarar
 - Skólaliðar
 - Húsvörður
 - Heilsugæsla
 - Starfsfólk íþróttamiðstöðvar
 - Starfsfólk Skjóls/Frístundar
 - Starfsfólk félagsmiðstöðvar
 - Tónlistaskólinn
 -

2. Áfallið (dauðsfallið/slysið) tilkynnt.

- a. Áfallaráð hittist og fundar um áfallið.
- b. Umsjónakennari/stjórnendur tilkynna um dauðsfallið eða slysið.
- c. Umsjónakennari fundar með tengiliði áfallaráðs.
- d. Athuga þarf hvort viðkomandi nemandi á nána ættingja meðal nemenda sem þurfa að fá fregnina sérstaklega.
- e. Skólastjóri/ umsjónakennari hafa samband við foreldra/forráðamenn hins látna/slasaða, ef um nemenda er að ræða.

Dæmi um viðbrögð

Langvinnir sjúkdómar/alvarleg slys

- Umsjónarkennari greinir starfsfólki og nemendum frá því ef einhver úr þeirra hópi þarf að vera langdvölum burtu frá skóla/starfi vegna slyss eða alvarlegra veikinda.



- Umsjónarkennari greini viðkomandi bekk og stafslíði frá alvarlegum veikindum í fjölskyldu nemanda. Haft er samráð við viðkomandi fjölskyldu og hjúkrunarfræðing skólans.
- Umsjónarkennari hefur reglulegt samband við nemanda eða fjölskyldu hans til að fylgjast með líðan og horfum.
- Umsjónarkennari gerir skólastjórnendum og öðrum kennurum grein fyrir stöðu mála.
- Ef slys eða alvarlegt áfall verður í skólanum skulu stjórnendur gæta þess að enginn fari heim með rangar eða misvísandi upplýsingar um neinn þátt málsins. Í því sambandi er mikilvægt að senda bréf með helstu upplýsingum heim til nemenda.
- Sýni fjölmiðlar áhuga á málinu, er skólastjóri **eini** tengiliður skólans við þá. Allir aðrir skulu vísa á hann varðandi upplýsingar.

Andlát nemenda á skólatíma

- Áfallaráð kallað saman.
- Þess gætt að nán skyldmenn hins látna sem eru við nám eða störf innan skólans hafi fengið fréttina áður en öðrum er tilkynnt um andlátíð.
- Starfsfólki skólans tilkynnt um andlátíð í næstu frímínútum og réttar upplýsingar gefnar um tildrög.
- Umsjónarkennari tilkynni andlátíð í sínum bekk. Treysti kennari sér ekki til að greina frá atburðinum hefur hann einhvern með sér, s.s. prest eða fulltrúa úr áfallaráði en er sjálfur til staðar. Þess er gætt að gefa réttar upplýsingar um tildrög og bréfi skólastjóra til forráðamanna er dreift.
- Gott er ef aðrir fullorðnir sem þekkja börnin geta verið til staðar, sérstaklega ef um ung börn er að ræða. Ef eitthvert barn fer út úr stofunni þarf einhver fullorðinn að fylgjast með því. Fylgjast með börnunum í frímínútum. Gefið börnunum góðan tíma fyrir viðbrögð og spurningar. Sýnið eigin sorg, en missið ekki sjálfstjórn.
- Í kjölfar tilkynningar er kveikt á kerti og lesin ritningarorð eða farið með bæn. Framkvæmd taki mið af aðstæðum svo sem tildrög andláts, aldri nemenda o.s.frv. (sálmar og ritningagreinar í Biblíu – hafa samráð við prestinn). Í framhaldi af því er hægt að teikna mynd, skrifa ljóð eða sögur, syngja, fara í leiki, lesa reynslusögur og segja frá eigin upplifun og lesa sögur og ljóð sem tengjast sorgarvinnu.
- Flaggað skal í hálfa stöng en reynt að halda uppi eins eðlilegu skólastarfi og unnt er.
- Skólastjórnendur sendi strax samúðarkveðjur eða blóm til fjölskyldu hins látna.

Andlát starfsmanns á skólatíma

- Áfallaráð kallað saman.
- Þess gætt að nán skyldmenn hins látna sem eru við nám eða störf innan skólans hafi fengið fréttina áður en öðrum er tilkynnt um andlátíð.
- Starfsfólki skólans tilkynnt um andlátíð í næstu frímínútum og réttar upplýsingar gefnar um tildrög.
- Umsjónarkennari tilkynni andlátíð í sínum bekk. Treysti kennari sér ekki til að greina frá atburðinum hefur hann einhvern með sér, s.s. prest eða fulltrúa úr áfallaráði en er sjálfur til staðar. Þess er gætt að gefa réttar upplýsingar um tildrög og bréfi skólastjóra til forráðamanna er dreift.
- Ef starfsmaður er nátengdur nemendum er gott ef aðrir fullorðnir sem þekkja börnin geti verið til staðar, sérstaklega ef um ung börn er að ræða. Ef eitthvert barn fer út úr stofunni þarf einhver fullorðinn að fylgjast með því. Fylgjast með börnunum í frímínútum. Gefið börnunum góðan tíma fyrir viðbrögð og spurningar. Sýnið eigin sorg, en missið ekki sjálfstjórn.



- Ef starfsmaður er nátengdur nemendum er kveikt á kerti og lesin ritningarorð eða farið með bæn. Framkvæmd taki mið af aðstæðum svo sem tildrög andláts, aldri nemenda o.s.frv. (sálmar og ritningagreinar í Biblíu – hafa samband við prestinn).
- Flaggað skal í hálfa stöng en reynt að halda uppi eins eðlilegu skólstarfi og unnt er.
- Skólastjórnendur sendi strax samúðarkveðjur eða blóm til fjölskyldu hins látna.

Andlát í skólanum

- Eigi andlát sér stað í skólanum, þarf að kalla til lögreglu og prest sem sjá um að aðstandendur fái réttar upplýsingar um málið áður en fjölmiðlar fjalla um það.
- Sýni fjölmiðlar málinu áhuga, er skólastjóri eini tengiliður skólans við þá. Allir aðrir skulu vísa á hann varðandi upplýsingar.
- Að öðru leyti skal fylgja leiðbeiningum í köflunum þar sem fjallað er um andlát starfsmanna og nemenda.

Andlát aðstandenda nemenda

- Látist foreldri eða annar náinn aðstandandi nemenda, skal starfsliði greint frá því og viðkomandi bekkjardeild tilkynnt það sérstaklega að nemanda fjarstöddum.
- Hafa skal samráð við viðkomandi fjölskyldu um viðbrögð og athuga hvort þörf er á aðstoð fagaðila innan skólans.

Útför nemanda/ starfsmanns

- Skólastjórnandi ásamt umsjónarkennara og fulltrúa úr áfallaráði fari í útförina sem fulltrúar skólans.
- Nemendur geta fengið aðstoð við að skrifa minningargrein ef þeir óska þess. Einnig kemur til greina að þeir sendi samúðarkveðju og/eða gjöf til aðstandenda.
- Nemendur kunna að vilja fara til jarðarfararinnar. Í slíkum tilvikum er rétt að fá prest til þess að fræða nemendur um útförina og búa þá undir stundina. Einnig er mögulegt að prestur eigi sérstaka helgistund með nemendum við kistu í kirkju. Æskilegt er að foreldrar fari með börnunum.

Áframhaldandi stuðningur eftir áfallið.

- Kennarar, einkum umsjónarkennarar, búa sig undir að nemendur vilji ræða um dauðann, vinna verkefni um dauðann eða á annan hátt fá útrás eftir áfallið. Í þeirri vinnu er áfallaráð bakhjarl en kemur inn í bekk eftir þörfum.
- Starfsmenn sem styðja við bakið á nemendum í sorg gæti að eigin líðan. Að vera sterkur, rólegur og yfirvegaður í þessari aðstöðu er mikið álag. Gott er að tala við einhvern í skólanum á hverjum degi þegar skóladeginum lýkur um það hvernig dagurinn hafi verið. Ákveðið fyrirfram hvenær þessi samtöl eiga að fara fram, þau eiga ekki að fara fram yfir kaffibolla í skyndi eða í frímínútum.
- Áfallaráð gætir að því að starfsmenn fái stuðning og hjálp frá áfallaráði, öðrum starfsmönnum skólans eða utanaðkomandi aðstoð.
- Þeir einstaklingar og hópar, sem áfallaráð hefur mest áhrif á, þurfa að eiga aðgang að stuðningsaðilum innan skólans sem vinna með áfallið og meta í hverju tilviki hvað á best við. Mikilvægast er að starfsmenn skólans séu eðlilegir og hlýlegir en varist tilgerð. Tillitssemi og virðing felst m.a. í því að staldra ekki of lengi við áföllin heldur halda áfram lífsgöngunni.

Alvarleg slys á börnum á skólatíma

- Hringja í 112. Gefa upp staðsetningu og eðli vanda.
- Kanna áverka og veita fyrstu skyndihjálp með leiðbeiningum frá Neyðarlínunni, 112.
- Fjarlægja önnur börn af slysstaðnum.



- Hafa samband við foreldra og greina þeim frá atburðinum á hlutlausan og nærgætinn hátt. Leitast skal við að svara spurningum á eins nákvæman hátt og kostur er.
- Ef um lífshættulega áverka eða meðvitundarleysi er að ræða skal óska eftir aðstoð starfsmanna á slysadeild um að láta foreldra viðkomandi barns vita af slysinu.
- Starfsmaður fylgir barni á slysadeild með sjúkrabíl og er hjá barninu þangað til foreldrar eru komnir á staðinn.
- Reynt starfsfólk verður eftir á starfsstað til að sinna öðrum börnum í starfinu.
- Ef um lífshættulega áverka eða meðvitundarleysi er að ræða:
 - Kalla til áfallaráð
 - Áfallaráð/skólastjóri hefur samband við foreldra þeirra barna sem voru á staðnum ef með þarf.
 - Ekkert barn fari af starfsstaðnum nema búið sé að hafa samband við foreldra. Æskilegt að fá ráðleggingar eða aðstoð prests, sálfræðings og/eða hjúkrunarfræðings við áfallahjálp eða sálgæslu.
 - Starfsfólki veitt áfallahjálp ef með þarf.
- Skrifa slysaskýrslu.
- Skrá niður allt um atburðinn og viðbrögðin til að meta það sem gert var og læra af því.

Viðbrögð við slysum á starfsmönnum

- Ef um augljóslega lítilsháttar meiðsl er um að ræða þá skal búa um það og/eða að leyfa starfsmanninum að jafna sig á stað inni hjá hjúkrunarfræðingi eða þar sem starfsmaðurinn kýs.
- Ef um er að ræða meiðsli sem erfitt er að meta hvort það sé lítilsháttar eða alvarleg þá láta starfsmann meta hvort þurfi að hringja á sjúkrabíl (ef hann er í ástandi til að meta það sjálfur)
- Þegar er um að ræða bak- og/eða höfuðáverka, á alltaf að láta maka/nánasta ættingja vita.
- Þegar um er að ræða alvarlegri slys þá er farið eftir þessari áætlun:
 - Sá sem kemur að starfsmanninum metur ástand.
 - Kallar á hjálp / hringja á sjúkrabíl / sjúkrakassa – skólastjóri (eða staðgengill hans) látinn vita
 - Hefur skyndihjálp / er hjá starfsmanni þar til hjálpin berst
 - Tilkynnir maka/nánasta fjölskyldumeðlimi
 - Skólastjórnandi tilkynnir nemendum í bekknum (ef um umsjónarkennara er að ræða)
- Tilkynning til maka/nánasta fjölskyldumeðlim: Lífshættulegt ástand - slysadeild tilkynnir Minni slys - hringt í maka/nánasta fjölskyldumeðlim
- Hvað er sagt við maka/nánasta fjölskyldumeðlim: Kynna sig – hvað kom fyrir – er á leið á sjúkrabíl – hver(ef einhver er) er með starfsmanninum
- Atvikið er skráð (skráning á slysum hjá ritara) og tilkynnt til Vinnueftirlitsins.

Viðbrögð við óveðri

Í Starfsáætlun Mýrarhúsaskóla er fjallað um viðbrögð við óveðri. Einnig skal bent á upplýsingar frá [Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins](#).

Stórslys/ náttúruhamfarir

- Skólastjóri/ áfallaráð afli upplýsinga um á hvern hátt atburðurinn tengist skólanum.
- Haft verði samband við tengilið sveitarfélagsins hjá Almannavörnum.



Bækur um sorg og sorgarviðbrögð.

Sorg barna. Bragi Skúlason

Umfjöllun: Sögur sem hægt er að lesa fyrir börnin. Einnig kafli um hvernig leikskólar geta veitt börnum stuðning í sorg.

Von, bók um viðbrögð við missi. Bragi Skúlason

Umfjöllun: Um dauðann og sorgina. Missir eldri kynslóða, sorg barna, sorg foreldra, makamissir, stuðningsaðilar.

Sumarlandið. Frásögn um von. Eyvind Skeie.

Umfjöllun: Skeie er prestur og rithöfundur. Hann skrifar þessa bók fyrir ung hjón sem missa 5 ára dóttur sína af slysförum, sögu sem gæti orðið þeim og börnum þeirra til huggunar.

Börn og sorg. Sigurður Pálsson

Umfjöllun: Bók um sorg og sorgarviðbrögð barna. Þessi bók er góð hjálp fyrir foreldra og kennara barna sem syrgja. Í henni eru hugmyndir um hvernig fjalla má um lífið eftir dauðann á sem eðlilegastan hátt við erfiðar aðstæður.

Áfallaráð Mýrarhúsaskóla

Starfsheiti	Nafn	Vinnusími	Einkasími
Skólastjóri	Kristjana Hrafnisdóttir	5959204	6903300
Aðstoðarskólastjóri	Laufey Kristjánsdóttir	5959219	8994648
Deildarstjóri	Tanja Stepansdóttir	5959201	6942116
Námsráðgjafi	Ester Þorsteinsdóttir	5959205	8993208
Skólaritari	Eva Hrund Kristinsdóttir	5959200	6919906
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæslan	513-6100	
Sóknarprestur	Bjarni Þór Bjarnason	5611550	8996979
Sálfræðingur	Agnes Huld Hrafnisdóttir	5171718	8610118